

5. Stjórnarfundur foreldrafélags GSS

Mánudagur 27. Febrúar 2017

Mættir: Dominika Kulinska, Arna Sædal Andrésdóttir, Benný Eva Benediktsdóttir, Lára B. Björgvinsdóttir, Steinunn María Þórsdóttir, Ragnheiður Valdimarsdóttir, Svava Pétursdóttir, Sigurður A. Þórarinsson og Haukur Garðarsson sem ritar fundargerð.

Formaður setti fundinn kl. 20:30

Umræða um niðurstöður fyrirspurna um hvað nemendur 7-10 bekkjar vildu gera á öskudaginn.

Farið yfir skipulag Öskudags. Gunnar Svanlaugs mun taka að sér að stýra furðufatagöngu af sinni alkunnu snilld og mun Haffi sjá um beat'ið. Eftirfarandi aðilar munu taka á móti gestum:

1. Dvaló
2. Bæjarskrifstofurnar
3. Sæferðir
4. Sjúkrahús
5. Agustson
6. Marz
7. KPMG (skrifstofur Marz)
8. Arion Banki
9. Skipavík
10. Lyfja
11. Mæðgur og Magazín
12. Sýsló

Einnig eru þrír bakhjarlar sem ætla að styrkja en taka ekki á móti gestum.

- BB og synir
- Nesbrauð
- B. Sturluson

Enn eru nokkrir lausir endar sem formaður fylgir eftir. Formaður tekur einnig að sér að gera auglýsingu fyrir skemmtun í íþróttahúsi og senda á Guðmundu í grunnskólanum og Sigrúnu í leikskólanum.

Stjórnarmenn 1-6 bekkjar þurfa að mæta í íþróttahús kl 15:40 og stjórnarmenn 7-10 bekkjar þurfa að mæta 17:30. Rukkað verður 500 kr. á mann en aldrei meira en 1.000 kr á fjölskyldu yfir daginn.

Umræða um form á jólatrésskemmtun í Hólmgarði og hvað betur mætti fara, Ragnheiður ætlar að koma ábendingum áfram.

Fundi lokið kl. 21:15